



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

# Ákvörðun nr. 1/2011

vegna synjunar Símans á númeraflutningsbeiðni Vodafone

### I.

#### Erindið

Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) barst kvörtun, dags. 15. október 2010 frá Og fjarskiptum ehf. (hér eftir Vodafone) vegna synjunar Símans hf. á númeraflutningsbeiðni fyrirtækisins.

### II.

#### Málsmeðferð og bréfaskipti

#### 1.

##### *Kvörtun Vodafone*

Í kvörtun Vodafone, dags. 15. október sl., kemur m.a. fram að vorið 2010 hafi verið undirritaður samningur á milli Vodafone og X<sup>1</sup> ehf. og Y<sup>2</sup> ehf. um að veita tiltekna fjarskiptaþjónustu. Í kjölfar þeirra samninga hafi verið farið fram á númeraflutning í júní sl. á símanúmerunum 420-xxxx<sup>3</sup> til 420-xxxx, 420-xxxx til 420-xxxx, 425-xxxx, 425-xxxx til 425-

---

<sup>1</sup> Nafn fyrirtækis afmáð vegna trúnaðar.

<sup>2</sup> Nafn fyrirtækis afmáð vegna trúnaðar.

<sup>3</sup> Síðari hluti símanúmers afmáð vegna trúnaðar. Það sama á við varðandi önnur símanúmer í ákvörðuninni.

xxxx og 421-xxxx frá Símanum til Vodafone. Í kvörtuninni segir að Síminn hafi hafnað númeraflutningsbeiðnunum og gefið Vodafone þá ástæðu að númerin væru föst í símstöðinni á Keflavíkurlflugvelli vegna tæknilegra útfærslna auk þess sem þau væru föst innan ákveðinnar innvalsnúmeraseríu. Vodafone hafi ítrekað beiðni sína um númeraflutning í ágúst sl. en Síminn hafi ekki enn orðið við flutningnum. Af þessum sökum telji Vodafone sér ekki annað fært en að fara þess á leit að PFS láti málið til sín taka.

Í bréfinu er vísað til 9. gr. reglna nr. 617/2010 um númera- og þjónustuflutning í almennum fjarskiptanetum og segir að samkvæmt þeim hafi fjarskiptafyrirtæki heimild til að beita tæknilegum lausnum við númera- og þjónustuflutning að eigin vali en þeim sé þó ekki heimilt að velja tæknilega lausn sem feli í sér óhagræði og óhóflegan kostnað fyrir önnur fjarskiptafyrirtæki að laga sig að. Það sé því á ábyrgð Símans að velja lausn til númera- og þjónustuflutnings sem falli að þörfum annarra fjarskiptafyrirtækja. Samkvæmt 14. gr. reglnanna skuli fjarskiptafyrirtæki jafnframt setja sér ákveðna verkferla um númera- og þjónustuflutning sem feli m.a. í sér að leiðréttingar á mistökum sem verði við númera- og þjónustuflutning njóti forgangs. Vodafone telji að Símanum sé því óheimilt að vera með kerfi sem geri númera- og þjónustuflutning ómögulegan vegna tæknilegra útfærslna. Fyrirtækinu hefði af þessum sökum borið að gera ráðstafanir til að ráða bug á þessum vanda og lagfæra þá tæknilegu örðugleika sem urðu til þess að númeraflutningsbeiðni hafi verið synjað.

Þá vísar Vodafone til 7. gr. reglna um númera- og þjónustuflutning varðandi heimild Símans til að synja um númeraflutning á þeim grundvelli að númerin séu í ákveðinni númeraseríu. Samkvæmt ákvæðinu sé fjarskiptafyrirtæki heimilt að hafna flutningi á einstökum númerum í innvaldsnúmeraröð. Innvalsnúmer séu skilgreind í 2. gr. reglnanna, sem samfelld röð númera sem úthlutað hefur verið áskrifanda til notkunar og geri mögulegt að beina símtölum til einstakra neytenda í einkasímstöð eða einkanet hans í samræmi við síðustu tölustafi númeranna. Ekki sé þó tekið fram í reglunum hvað innvalsnúmeraröð geti verið löng en í bráðabirgðaákvörðun PFS frá 5. apríl 2004 komi fram að innvalsnúmeraröð geti verið allt niður í 10 númer.

Þá segir í kvörtun Vodafone að í íslenska númeraplaninu E164 frá 11.10.2010 séu þau númer sem óskað hafi verið eftir flutningi á skilgreind. Númerin 420-xxxx til 420-xxxx og 420-xxxx til 420-xxxx séu skilgreind sem innvalsnúmer en önnur framangreind númer séu það ekki. Þar sem innvalsseríunúmer teldust vera allt niður í 10 númer og Vodafone hefði óskaði eftir flutning á heilum tugum, 0-9 og 10-19, hefði ekki verið um að ræða flutning á einstökum númerum heldur heilum innvalsseríum. Síminn hafi þar af leiðandi ekki heimild til að hafna flutningi innvalsseríunúmeranna á þeim grundvelli að þau séu föst innan ákveðinnar númeraseríu.

Þá bendir Vodafone á heimild aðila til að halda númerum í innvalsseríum skv. 2. mgr. 4. gr. reglna um númera- og þjónustuflutning. Þar sé tekið fram að rétthafi númera sem flytji sig á milli fjarskiptafyrirtækja og vilji halda númerum sínum í innvalsröð skuli eiga þess kost að flytja samtímis númer sem séu laus í sömu númeraröð í beinu framhaldi af númerum sem hafi verið í notkun ásamt því að bæta við númerum úr sömu númeraröð ef því hefur ekki verið úthlutað öðrum notendum. Séu aðrir aðilar með númer innan þeirrar númeraseríu sem óskað

hafi verið eftir flutning á leiði það líkur að því að Síminn hafi úthlutað númerum úr þeirri seríu sem um ræðir sem stökum númerum ekki sem seríum í heild sinni. Ef svo sé verði PFS ekki einungis að skera úr um það hvort synjun á númeraflutningi hafi verið lögmæt heldur einnig hvort að úthlutun símanúmera úr innvalsseríu af hálfu Símans hafi verið lögmæt. Hafi Síminn úthlutað númerum úr innvalsseríuröð sem stökum númerum hljóti sá aðili sem fengið hefur númerinu úthlutað sem stöku númeri að geta flutt það á milli fjarskiptafyrirtækja sem slíkt skv. reglum um númera- og þjónustuflutning.

Í kvörtuninni segir að Vodafone vilji áréttta að það sé ótvíræð lagaskylda skv. 52. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti að notandi almennrar talsímaþjónustu skuli vera unnt að halda símanúmerum sínum óháð því hvaða fjarskiptafyrirtæki veiti þjónustuna og jafnframt skuli fjarskiptafyrirtæki verða við beiðni um númeraflutning skv. 3. gr. númera- og þjónustuflutning.

Þá segir að Símanum beri í öllum sínum gjörðum sem snúa að númera- og þjónustuflutning að virða markmið reglna um númera- og þjónustuflutning og vísað er til 2. mgr. 1. gr. reglnanna í því samhengi. Þá vísar Vodafone til þess að heimildir reglnanna fyrir synjun á númeraflutningi sé ekki til staðar.

Að lokum segir að það sé mat Vodafone, með vísan til framangreinds, að vinnubrögð Símans séu í ósamræmi við markmið reglna um númera- og þjónustuflutning, sbr. 2. mgr. 1. gr. reglnanna. Vinnubrögð fyrirtækisins séu einnig síst til þess fallin að vinna að markmiðum laga um fjarskipti. Símanum beri að útbúa kerfi sín á þann hátt að þau mæti kröfum sem bæði fjarskiptalög og reglur um númera- og þjónustuflutning gera. Vodafone telji ljóst að háttsemi Símans í þessu máli hafi farið í bága við þær reglur sem í gildi séu.

Vodafone telji sig hafa verulegra og beinna hagsmuna af því að þetta mál verði leyst greiðlega og í samræmi við ákvæði laga og reglna. Þrátt fyrir að ákvæði 1. mgr. 52. gr. fjarskiptalaga taki að megin stefnu til notenda tal- og farsímaþjónustu telji Vodafone félagið eiga lögvarinna hagsmuna að gæta sbr. einnig niðurstöðu PFS í ákvörðun 24/2010.

Krafa Vodafone eins og hún kemur fram í kvörtun er því sú að PFS taki málið til meðferðar á grundvelli 9. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun og kveði á um skyldu Símans til að verða við þeim númera- og þjónustuflutningi sem óskað hafi verið eftir fyrir hönd X<sup>4</sup> ehf. og Y<sup>5</sup> ehf.

2.

### *Athugasemdir Símans*

Í tilefni af kvörtuninni var Símanum gefið tækifæri til að koma að athugasemdum vegna hennar og bárust þær PFS með bréfi, dags. 16. nóvember sl.

---

<sup>4</sup> Nafn fyrirtækis afmáð vegna trúnaðar.

<sup>5</sup> Nafn fyrirtækis afmáð vegna trúnaðar.

Í bréfi Símans vísar fyrirtækið til 7. gr. reglna um númera- og þjónustuf lutninga, en skv. þeim sé ekki skylt að flytja stök númer úr innvalsseríum, heldur sé gert ráð fyrir að slík númer séu flutt í 10 númera einingum, sem byrji á 0 og endi á 9. Ljóst sé að flutningsbeiðni Vodafone uppfylli ekki umrædd skilyrði en þau númer sem óskað hafi verið flutnings á séu skráð á X<sup>6</sup> ehf., en önnur númer úr þessum 10 númera seríum sé nú ýmist skráð ónotuð eða skráð á annan réttthafa. Þá segir að númerið 425-xxxx, sem vanti í neðri seríuna, sé skráð ónotað. Símanúmerið 425-xxxx, úr efri seríunni, sé skráð á Y<sup>7</sup> ehf. og símanúmerin 425-xxxx til 425-xxxx séu skráð ónotuð.

Í bréfinu segir að Síminn eigi og reki innanhússímstöð í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og selji starfandi fyrirtækjum þar aðgang að henni. Þetta geri það að verkum að fyrirtækin geti hringt á stuttnúmerum sín á milli innan stöðvar, en þetta hafi verið krafa sem sett hafi verið fram í upphafi af öryggisástæðum. Reynt hafi verið að halda því að númerum væri úthlutað til fyrirtækja í 10 númera einingum.

Þá segir að miklar breytingar hafi orðið gegnum árin á nýtingu þessarar 20 númera seríu. Þannig hafi t.d. númerunum 425-xxxx til 425-xxxx í upphafi verið úthlutað til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sem hafi stýrt nýtingu þeirra til einstakra aðila. Númerin úr þessari seríu hafi m.a. verið notuð á innritunarborðum og nýtt af ákveðnum fyrirtækjum þar, en síðar hafi verið um sameiginlega nýtingu að ræða.

Það séu því sem næst verði komist, ýmsar sögulegar skýringar á því að finna megi dæmi um að númer í einstökum númeraseríum hafi ekki öll verið skráð á sama réttthafa. Til að flytja mætti númeraseríuna 425-xxxx til 425-xxxx til Vodafone yrði fyrst að losa númerið 425-xxxx hjá núverandi réttthafa og sækja síðan um númeraflutning á allri seríunni.

Að lokum segir í bréfi Símans að númeraflutningsbeiðni um flutning númeranna 420-xxxx til 420-xxxx og 420-xxxx til 420-xxxx finnist ekki í HÍN. Fyrirtalda serían sé skráð á Y<sup>8</sup> ehf. og sú síðari á X<sup>9</sup> ehf. og nú ætti ekki að vera neitt því til fyrirstöðu að afgreiða númeraflutningsbeiðni, sem bærst vegna þessara númera. Þá sé heldur ekki að finna neina beiðni um flutning símanúmersins 421-xxxx en um sé að ræða stakt númer sem ekki eigi heldur að vera nein vandkvæði á að flytja, berist beiðni um það.

### 3.

#### *Athugasemdir Vodafone við bréf Símans*

Eftir að bréf Símans barst PFS var Vodafone gefið tækifæri til að koma að athugasemdum varðandi það. Vodafone óskaði eftir fresti til að skila athugasemdum og var frestur veittur til 5. janúar sl. Athugasemdir fyrirtækisins bárust með bréfi þann sama dag.

<sup>6</sup> Nafn fyrirtækis afmáð vegna trúnaðar.

<sup>7</sup> Nafn fyrirtækis afmáð vegna trúnaðar.

<sup>8</sup> Nafn fyrirtækis afmáð vegna trúnaðar.

<sup>9</sup> Nafn fyrirtækis afmáð vegna trúnaðar.

Í bréfinu segir að Síminn haldi því fram að númerin 425-xxxx og 425-xxxx til 425-xxxx séu innvalsseríunúmer og því þurfi að óska eftir flutningi á þeim í heilum tugum. Bent er á að í kvörtun Vodafone hafi komið fram að umrædd númer væru ekki skráð sem innvalsseríunúmer skv. íslenska númeraplaninu E.164. Númeraröðin 425-xxxx til 425-xxxx beri heitið *T.s. Flugstöð LE og SL1* og þess sé hvergi getið að um innvalsseríunúmer sé að ræða.

Einnig hafi Vodafone gert athugasemd við það að Síminn hafi úthlutað númerum sem stökum númerum út úr innvalsseríu annars fyrirtækis. Í tilfelli X<sup>10</sup> ehf. og Y<sup>11</sup> ehf. hafi Y<sup>12</sup> ehf. verið úthlutað númerinu 425-xxxx úr númeraseríu X<sup>13</sup>, þar sem X<sup>14</sup> ehf. sé með númerin 425-xxxx til 425-xxxx. Þar af leiðandi séu tvö fyrirtæki með númer í sömu númeraseríu. Vodafone telji að númerasería geti ekki flokkast sem innvalssería ef svo hátti til. Séu upplýsingar í íslenska númeraplaninu ekki réttar telji Vodafone það ljóst að minnsta eining í innvali sé 10 númer ef hún er brotin upp, eins og hér virðist hafa verið gert, sé serían samkvæmt skilgreiningu stök númer. Vodafone telji rétt að geta þess að Síminn hefði áður hafnað flutningi á númerum í 425-xxxx til 425-xxxx númeraseríunni, þegar neitað hafi verið flutningsbeiðni á númerunum 425-xxxx til 425-xxxx, sem séu í eigu Z<sup>15</sup> ehf., á grundvelli þess að númerin væru hluti af innvalsseríu.

Í athugasemdunum segir jafnframt að varðandi ástæðu þess að ekki finnist númeraflutningsbeiðni í gagnagrunni HÍN fyrir númerin 420-xxxx til 420-xxxx og 420-xxxx til 420-xxxx sé ástæðan sú að vegna afstöðu Símans við fyrirspurn Vodafone um flutning á númerum Z<sup>16</sup> ehf. hafi Vodafone ákveðið að fara aðra leið til að fá númerin flutt. Vodafone hafi ákveðið að óska eftir að fá númerin flutt til sín á föstu forvali, en sem fyrr hafi Síminn neitað að afhenda númerin.

Að lokum segir að Vodafone telji að umrædd hegðun Símans feli í sér ítrekuð brot á reglum um númera- og þjónustuflytning. Niðurstaða málsins sé afar mikilvæg svo fjarskiptafyrirtæki geti áttað sig betur á því hvernig óska eigi eftir númeraflutningi í málum sem þessum svo þau geti gengið greiðlega fyrir sig.

Þá fagni Vodafone því að Síminn sé tilbúinn til að verða við umræddum flutningum og fyrirtækið treysti á að afgreiðsla flutningsbeiðna komi til með að ganga greiðlega fyrir sig þegar þeirra verði óskað.

---

<sup>10</sup> Nafn fyrirtækis afmáð vegna trúnaðar.

<sup>11</sup> Nafn fyrirtækis afmáð vegna trúnaðar.

<sup>12</sup> Nafn fyrirtækis afmáð vegna trúnaðar.

<sup>13</sup> Nafn fyrirtækis afmáð vegna trúnaðar.

<sup>14</sup> Nafn fyrirtækis afmáð vegna trúnaðar.

<sup>15</sup> Nafn fyrirtækis afmáð vegna trúnaðar.

<sup>16</sup> Nafn fyrirtækis afmáð vegna trúnaðar.

### III.

#### Forsendur og niðurstaða

##### 1.

###### *Almennt*

Póst- og fjarskiptastofnun er sú stofnun sem með lögum hefur verið falið að annast framkvæmd laga um fjarskipti og hafa eftirlit með fjarskiptum, sbr. 1. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Eitt af verkefnum stofnunarinnar er að stuðla að samkeppni á sviði fjarskiptaþjónustu og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti með því m.a. að vinna gegn röskun eða takmörkun samkeppni á mörkuðum fjarskipta, sbr. a. -lið 2. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna. Þá er það í höndum PFS að skera úr ágreiningi um framkvæmd númeraflutninga, ekki einungis þegar um er að ræða deilu á milli notanda almennrar talsímaþjónustu og fjarskiptafyrirtækis, heldur einnig þegar upp koma deilur á milli fjarskiptafyrirtækja sem hafa hagsmuna að gæta í málinu. sbr. 3. mgr. 52. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

Reglur nr. 949/2008 um númera- og þjónustuflutning í almennum fjarskiptanetum voru settar á grundvelli 2. mgr. 37. gr. og 3. mgr. 52. gr. laga um fjarskipti. Nýjar reglur um númera- og þjónustuflutning í almennum fjarskiptanetum nr. 617/2010 tóku gildi þann 22. júlí sl. og við gildistöku þeirra laga féllu úr gildi eldri reglur sama efnis, þ.e. reglur nr. 949/2008.

Í kvörtun Vodafone, dags. 15. október sl., kemur fram að óskað hafi verið eftir flutningi á þeim símanúmerum sem um er deilt í málinu í júní sl. Vodafone hafi síðan ítrekað ósk sína um númeraflutning í ágúst sl. en Síminn hafi ekki orðið við því. Sú flutningsbeiðni hefur átt sér stað í tíð nýju reglnanna og verða þær því lagðar til grundvallar við úrlausn þessa máls.

Markmiðið með setningu reglnanna er m.a. að kveða á um skilvirkan númera- og þjónustuflutning, auka neytendavernd notenda í talsíma-, farsíma- og internetþjónustu, koma í veg fyrir óþarfa tafir og stuðla að góðri samvinnu um flutning þjónustu milli starfandi fjarskiptafyrirtækja á markaði, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglnanna. PFS hefur mikilvægu hlutverki að gegna við að stuðla að þessum markmiðum reglnanna og leitast við að framkvæmd númera- og þjónustuflutninga sé gerð í góðri samvinnu fjarskiptafyrirtækja. Reglurnar ná til fjarskiptafyrirtækja með almenna heimild til reksturs fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu og sem bjóða almenna talsímaþjónustu, farsímaþjónustu og IP fjarskiptaþjónustu og til notenda slíkrar þjónustu sbr. 2. mgr. ákvæðisins.

##### 2.

###### *Innvalsúmeraröð*

Skilgreiningu á innvalsúmeraröð er að finna í 4. mgr. 2. gr. reglna nr. 617/2010 um númera- og þjónustuflutning í almennum fjarskiptanetum. Þar segir að innvalsúmeraröð sé samfelld röð númera sem úthlutað hefur verið áskrifanda til notkunar og geri mögulegt að beina símtölum til einstakra notenda í einkasímtöð eða einkanet hans í samræmi við síðustu tölustafi númeranna. Nánari skilgreiningu á því hversu mörg númer þurfi að vera í röðinni til að hún geti talist innvalsúmeraröð er ekki að finna í reglunum en í ákvörðun PFS frá 5. apríl 2004 segir að innvalsúmeraraðir geti verið númeraraðir með allt niður í 10 númer. Líta verður til þessarar túlkunar PFS á hugtakinu.

Samkvæmt 7. gr. reglna um númera- og þjónustuflytning er fjarskiptafyrirtækjum heimilt að hafna því að flytja einstök númer úr innvalsnumeraröðum. Þetta er undantekning frá 3. gr. reglnanna sem kveður á um skyldu fjarskiptafyrirtækja til að verða við beiðni um númeraflutning. Tilgangur 7. gr. reglnanna að halda númeraröðum óspilltum til að minni og stærri fyrirtæki geti nýtt sér þau með þeim hætti sem kveðið er á um í reglunum, þ.e. að þau geti beint símtölum til einstakra notenda í einkasímstöð eða einkanet sitt.

Í 2. mgr. 4. gr. reglnanna segir jafnframt að réttthafi númera sem flytur sig milli fjarskiptafyrirtækja og vill halda númerum sínum í innvalsröð skuli eiga kost á því að flytja samtímis þau númer sem eru laus í sömu númeraröð í beinu framhaldi af númerum sem hafa verið í notkun.

### 3.

#### *Númeraflutningsbeiðni*

Kvörtun Vodafone, dags. 15. október sl., beinist að höfnun Símans á númeraflutningsbeiðnum fyrirtækisins. Meðal þeirra númera sem kvörtunin beinist að eru númeraseríurnar 420-xxxx til 420-xxxx og 420-xxxx til 420-xxxx auk staka númersins 421-xxxx. Í svarbréfi Símans, dags. 16. nóvember sl., segir að enga flutningsbeiðni vegna þessara númera sé að finna í kerfi HÍN og ekkert ætti að vera því til fyrirstöðu að afgreiða númeraflutningsbeiðni vegna þeirra ef beiðni bærist um það. Í svarbréfi Vodafone, dags. 5. janúar sl., er þessu ekki mótmælt og sú skýring gefin að Vodafone hafi ákveðið að fara aðra leið til að fá númerin flutt yfir til sín vegna fyrri afstöðu Símans til flutningsbeiðna Vodafone. Þá segir að Vodafone fagni því að Síminn sé tilbúinn að verða við umræddum flutningum og treysti því að afgreiðsla flutningsbeiðna muni koma til með að ganga greiðlega fyrir sig þegar þeirra verði óskað.

Vegna ofangreinds mun PFS ekki fjalla um flutningsbeiðnir á umræddum númerum, enda hefur Síminn staðfest að ekkert sé því til fyrirstöðu að númeraflutningsbeiðnir á númerunum verði afgreiddar ef þær berast. Deilan snýst því um flutningsbeiðni á símanúmerunum 425-xxxx og 425-xxxx til 425-xxxx.

Í bréfi Símans, dags. 16. nóvember sl., vísar fyrirtækið til 7. gr. reglna um númera- og þjónustuflytning en þar segi að ekki sé skylt að verða við beiðni um flutning á stökum númerum úr innvalsseríum heldur sé gert ráð fyrir að slík númer séu flutt í 10 númera einingum, sem byrji á 0 og endi á 9. Flutningsbeiðni Vodafone uppfylli hins vegar ekki umrædd skilyrði. Þau númer sem óskað hafi verið flutnings á séu skráð á X<sup>17</sup> ehf., en önnur númer úr þessum 10 númera seríum séu nú ýmist skráð ónotuð eða skráð á annan réttthafa. Þá segir að númerið 425-xxxx sem vanti í neðri seríuna sé nú skráð ónotað, númerið 425-xxxx úr efri seríunni sé skráð á Y<sup>18</sup> ehf. og símanúmerin 425-xxxx til 425-xxxx séu skráð ónotuð. Varðandi ástæðu þess að fyrirtækið hafi úthlutað stökum númerum úr innvalsnumeraseríunum segir að *ýmsar sögulegar skýringar* séu á því að finna megi dæmi um að númer í einstökum númeraseríum hafi ekki alltaf verið skráð á sama réttthafa. Þá segir að til þess að flytja megi númeraseríuna 425-xxxx til 425-xxxx verði fyrst að losa númerið 425-xxxx hjá núverandi réttthafa og sækja síðan um númeraflutning á allri seríunni.

Samkvæmt ofangreindu voru símanúmer úr númeraröðunum sem um ræðir skráð á mismunandi réttthafa líkt og um stök númer væri að ræða. Það er mat PFS að þegar það var

<sup>17</sup> Nafn fyrirtækis afmáð vegna trúnaðar.

<sup>18</sup> Nafn fyrirtækis afmáð vegna trúnaðar.

gert hafi númerin ekki lengur uppfyllt skilyrði þess að vera innvalsnúmeraröð, en skv. ofangreindri skilgreiningu er gert ráð fyrir því að samfelld röð númera sé skráð á einn áskrifanda. Það verður því að líta svo á að þar sem Síminn skráði stök númer út úr númeraröðinni sé ekki lengur um að ræða innvalsnúmeraraðir og því geti Síminn ekki hafnað númeraflutningsbeiðni á grundvelli 7. gr. reglna um númera- og þjónustuflutning.

Þar sem Símanum er ekki heimilt að hafna númeraflutningsbeiðni á grundvelli þessa undantekningarákvæðis reglnanna gilda almennar reglur um númera- og þjónustuflutninga um númeraflutninga á símanúmerunum. Samkvæmt þeim ber fjarskiptafyrirtækjum sem heimilað hefur verið að úthluta notendum sínum númerum að gefa þeim kost á númeraflutningi, sbr. 3. gr. reglnanna. Til þess að fjarskiptafyrirtæki geti farið fram á númeraflutningsbeiðni verður því það símanúmer sem flutningsbeiðni snýst um að hafa verið úthlutað til ákveðins notanda. Sé númer hins vegar skráð ónotað hjá Símanum getur Vodafone ekki farið fram á það að Síminn verði við flutningsbeiðni. Að sama skapi er Símanum ekki skylt að verða við flutningsbeiðni á númeri ef notandi þess hefur ekki lagt fram beiðni um slíkt.

#### *Ákvörðunarorð*

**Símanúmerin 425-xxxx og 425-xxxx til 425-xxxx uppfylla ekki skilyrði reglna nr. 617/2010 um númera- og þjónustuflutning í almennum fjarskiptanetum til að teljast innvalsnúmeraröð. Símanum hf. var því óheimilt að hafna númeraflutningsbeiðni Vodafone á þeim forsendum að um innvalsnúmeraröð hafi verið að ræða.**

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 15. febrúar 2011

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Margrét Gunnarsdóttir